



Rangárþing ytra

Strútslaug í Hólmsárbotnum

Skipulagslýsing

dags. 2. mars 2016



1. Almennt um deiliskipulagssvæðið

Deiliskipulagslýsing þessi er unnin skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ferðafélagið Útivist sækir að nýju um leyfi til sveitarstjórnar Rangárþings ytra um gerð deiliskipulags fyrir fataskýli og salernisaðstöðu við Strútslaug. Útivist óskaði fyrst eftir heimild til að hefja vinnu við deiliskipulag til Rangárþings ytra í mars 2013. Tekið var jákvætt í erindið á fundi skipulagsnefndar með fyrirvara um samþykki landeigenda og Skaftárhrepps. Ekkert framhald varð af deiliskipulagsgerð þá.


Erindið var svo aftur borið undir skipulagsnefnd Rangárþings ytra þann 9. nóv. 2015 og samþykkti nefndin að heimila deiliskipulagsgerð. Erindið var jafnframt sent skipulagsnefnd Skaftárhrepps. Í ljós kom það álit að skýlið gæti jafnvel legið innan beggja sveitarfélaganna en við nánari skoðun kom þó í ljós að sveitarfélagamörkin liggja í Strútslaugina, þ.e. laugin þar sem upptök heita vatnsins eru. Baðlaugarnar eru um 75m sunnar en upptökin. Þessum misskilningi hefur nú verið eytt og eru skýlið og baðlaugarnar innan Rangárþings ytra en Strútslaug (upptökin) eru á mörkum beggja sveitarfélaganna.

Ekkert hús eða skýli eru við baðlaugina. Fallið hefur verið frá hugmyndum um gerð varnargarðs þar sem jökulkvíslin rennur orðið austar og ógnar ekki baðlauginum beint. Svæðið er nokkuð fjölsóttur ferðamannastaður, umgengni er stundum nokkuð ábótavant því engin hreinlætisaðstaða er til staðar.

1.1. Helstu markmið deiliskipulags:

- Bygging skýlis með búningsklefum, salerni og geymslu – (Rangárþing ytra)
- Gerð göngupalls á milli skýlis og náttúrulegaug

Í deiliskipulaginu verður auk þess fjallað um og sett ákvæði er varða jarðrask, gróður, fráveitu, hámarks stærð, útlit og efnisval skýlisins.



mynd 1 – loftmynd sem sýnir uppsprettu Strútslaugar, baðlaugina sunnan við og sveitarfélagamörk (rauð brotin lína) og síðan deiliskipulagsmörkin (blá brotin lína).

2. Umhverfi og aðstæður á skipulagssvæðinu

2.1. Náttúrufar og nærliggjandi svæði.

Strútslaug er sunnan við Torfajökul og rétt utan við Friðland að Fjallabaki í svo kölluðum Hólmsárbotnum. Svæðið er innan þjóðlendu (úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 7/2003, hrd. 650/2006 og 99/2007). Strútslaug er um 75m norðan við sjálfa baðlaugina sem trúlega er mannanna verk, fyrirhleðsla sem myndar tvo heita vatnspolla. Baðlaugin liggur neðan við grasflöt (efri flöt) sem forðum var náttstaður gangnamanna. Þarna hittust Rangvellingar og Skaffellingar og smöluðu saman svæðið og lauguðu sig. Önnur grasflöt er suðvestan við baðlaugina (neðri flöt). Þess má geta að Rangvellingar nefndu Strútslaug Hólmsárbotnahver. Ofan við Strútslaug eru brattar hlíðar og þar fyrir ofan er Torfajökull.

Strútslaug er við jaðar eins stærsta háhita- og líparít- (rhyolít) svæðis landsins, Torfajökulsvæðið. Sveitarfélagamörk Rangárþings ytra og Skaftárhrepps liggja um Strútslaug.

Strútsskáli (hnit ISN 501249,370551) liggur í um 5km fjarlægð frá Strútslaug og er hann í eigu Ferðafélagsins Útivistar. Gestir skálans sækja gjarnan í laugin auk þess sem laugin er á vinsælli gönguleið sem liggur frá Hólaskjólum um Álftavatnsskrók í austri, framhjá Strútslaug og að Strútsskála. Leið þessi liggur svo áfram að Hvanggili eða Emstrum á Laugavegi í vestri.



mynd 2. Horft til norðausturs yfir neðri flöt, að baðlaug



mynd 3. Horft til suðvesturs yfir aðhaldið og efri flöt.

Á flötinni (efri flöt) ofan við baðlaugina er gömul grjóthleðsla sem talið er líklegt að séu leifar af aðhaldi sem gangnamenn nýttu sér forðum daga (sjá mynd 3). Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á þeirri flöð eða því svæði.

3. Helstu viðfangsefni deiliskipulagsáætlunarinnar

Markmiðið með deiliskipulagi við Strútslaug er að útbúa aðstöðu fyrir þá sem vilja afklæðast og nýta sér laugin til baða. Með aðstöðunni á að vera hægt að skipta um föt og geyma þau á þurrum stað. Eftir því sem ferðamönnum fjölgar á hálendissvæðum eykst þörfin einnig fyrir salernisaðstöðu á áningarstöðum sem þessum. Gert er ráð fyrir um 30m² skýli sem skiptist í 2 búningsklefa, salerni og geymslu. Skýlið er auk þess til þæginda fyrir þá sem koma að Stútslaug og mætir þannig aukinni ferðamennsku og eykur þölmörk þessa óbyggða svæðis¹.

¹ Sbr. Kaflar 4.9, 5.4, 8.8, 11.1 í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022

Deiliskipulagið mun ná til eftirfarandi þátta;

1. Byggingareitur fyrir skýli á neðri flötinni, suðvestan við baðlaugin. Gert er ráð fyrir að skýlið verði fellt inn í brekkuna og aðlagð landinu.
2. Gerð göngupalls (stígs) á milli skýlis og laugar með einföldum öryggishandlista.



mynd 4. – neðri flötin framan við Strútslaug og fyrirhugað skýli (gulskyggði hlutinn) sem fellt inn í brekkuna.

4. Tengsl áætlunarinnar við aðra áætlunargerð

Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra segir að umferð um hálandissvæði þurfi að verða undir þolmörkum viðkvæmra svæða.

Um byggingarframkvæmdir á óbyggðum svæðum er ekki beint fjallað heldur eingöngu um að gæta þurfi að þolmörkum viðkvæmra svæða og að mikilvægt sé að brugðist sé við auknu álagi á óbyggð svæði innan hálandis Íslands².


Uppbygging af því tagi sem fyrirhuguð er við Strútslaug er því liður í að styrkja svæðið svo það þjóni þeim ferðamönnum sem sækja staðinn og auka þannig um leið þolmörk svæðisins.

Samkvæmt **Náttúruminjaskrá** er svæðið nr. 760 og lýst þannig;


*Grænifjallgarður, V-Skaftafellssýslu. (1) Fjallgarðurinn á milli Tungnár og Eldgjár. Til norðvesturs ráða Tungná og austurmörk Friðlands að Fjallabaki. Til suðurs ræður lína úr Torfajökli austur í Svartahnúk. Til austurs og norðurs ráða norðvesturmörk svæðis nr. 706 og lína úr Gjátindi í Sveinstind og þaðan í Jökulvatn. (2) Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.*³

Svæðið eru jafnframt auðkennt svo í aðalskipulagi Rangárþings ytra.

Í **Aðalskipulagi Skaftárhrepps** er Strútslaug (Hitulaug) merkt nr. 43 og nefnd sem mikilvægur áningarstaður (án gistingar) ferðamanna og útivistarfólks.⁴



mynd 5. Hluti af aðalskipulagsupprætti Skaftárhrepps.



mynd 6. Hluti af aðalskipulagsupprætti Rangárþings ytra.

² Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 – 2022, kafli 11

³ Umhverfisstofnun, Náttúruminjaskrá Suðurlands - Aðrar náttúruminjar

⁴ Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022, Flokkun ferðamannastaða bls. 18.


Sveitarfélagamörk Rangárþings ytra og Skaftár-hrepps liggja um Strútslaug. Mörkin eru úr Meyjar-strúti (Strúti) og þaðan í Stútslaug. Athygli skal vakin á því að orðið „Strútslaug“ á að vera nokkru vestar en sýnt er á aðalskipulagsupprætti á mynd 5 því Stútslaug er á mörkum sveitarfélaganna.

Framanaf voru sveitarfélagamörkin nokkuð á reiki á þessu svæði en með Hæstaréttardómi frá 15. Júní 1989 var kveðið uppúr með þau. Á upprætti deiliskipulags er legan sýnd skv. dómsorðum með þeim hætti að Strútslaug er skilgreind þar sem upptök heita vatnsins þar sem það kemur úr jörðu sem er um 75m norðan við sjálfa baðlaugina. Með hliðsjón af þessu er ljóst að baðlaugin og neðri flötin neðan við hana liggja innan Rangárþings ytra en Strútslaug (sjálf upptökin) liggja á mörkum sveitarfélaganna.

Þar sem sveitarfélagamörkin liggja svo nærri verður aflað sérstakrar umsagnar Skaftárhrepps á skipulagslýsingu sem og deiliskipulagi.



mynd 7 – upptök heita vatnsins sem rennur úr Strútslaug er um 75m norðan við sjálfa baðlaugina.



mynd 8 – t.v., lækur sem rennur úr gili vestan baðlauga og Strútslaugar og jökulkvísl t.h. í Hólmsárbotnum austan lauga, renna saman rétt sunnan við baðlaugina.

4.1 Matslýsing

Samkvæmt 1. viðauka, lið 12.5 í lögum um mat á umhverfisáhrifum 106/2000 m.s. br., fellur skipulagssvæðið ekki undir framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

5. Skipulagsferlið og umsagnaraðilar

Deiliskipulagslýsing þessi mun verða til kynningar á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Rangárþings ytra og send til umsagnar til Skaftárhrepps og annarra opinberra aðila er málið varðar. Tillaga að deiliskipulagi mun verða kynnt á sama hátt.

Lýsing þessi sem og tillaga að deiliskipulagi mun verða send lögboðnum umsagnaraðilum sem að mati skipulags- og byggingarfulltrúa eru auk Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun, samkvæmt 40. gr. skipulagslaga.

1) 2016 - LÝSING DEILISKIPULAGSTILLÖGU

- Samantekt lýsingar
- Umsögn og samráð við skipulagsnefnd og sveitastjórn Rangárþings ytra
- Lýsing send til Skaftárhrepps og annarra umsagnaraðila
- Meðferð og samþykkt sveitastjórnar á lýsingu
- Lýsing kynnt á heimasíðu skipulagsfulltrúa og sveitarfélags

2) 2016 - DEILISKIPULAGSTILLAGA, KYNNING, AUGLÝSING, STAÐFESTING

- Tillaga að deiliskipulagi kláruð
- Umfjöllun skipulagsnefndar og annarra umsagnaraðila á deiliskipulagstillögu
- Auglýsing deiliskipulagstillögu
- Umfjöllun sveitastjórna
- Staðfesting í B-deild Stjórnartíðinda

Landform-oh/ 2. mars 2016.